

1873.

20. marz.

tilskipun 12. febrúar f. á., um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl., — verðum vèr að æskja þess, að athygli skipstjóra verði leidd að því, að hann samkvæmt erindisbræfi landshöfðingjans yfir Íslandi, 29. júní f. á., 10. gr., verði að leita til tæðs embættismanns, ef það kemur fyrir að útlendir fiskimenn gjöri sig seka í afbrotum gegn fyr nefndri tilskipun.

Eins og sjóliðsstjórninni mun kunnugt, hefir alþingi nokkrum sinnum farið þess á leit, að stofnaðar yrði gufuskipsferðir kringum strendur Íslands, en þessu hefir eigi hingað til orðið komið við, sökum kostnaðarins, sem því yrði samfara. Reyndar hefir það verið nokkur bót í máli, að gufuskip frá Noregi hefir á fyrirfarandi tveimur árum verið í förum til Íslands og siglt milli nokkurra hafna þar, en með því gufuskipsferðir þessar nú eru á enda, munu menn finna enn meira til þess en áður, að eigi gengur neitt gufuskip milli verzlunarstaðanna á Íslandi. Af þessari sök álitur dómsmálastjórnin það mjög æskilegt, að skonnortuskipið Fylla einhvern tíma í sumar gæti farið eina eða tvær ferðir frá Reykjavík til hinna helztu hafna á Íslandi, og þá sérílagi til Stykkishólms, Ísafjarðar, Akureyrar, Seyðisfjarðar og Berufjarðar, og skyldi menn þá geta komið með skipinu bræfum og litlum böggjum. Landshöfðingi skyldi sjá um, að ferðir þessar yrði birtar almenningi fyrirfram, og væri bezt, að þeim yrði komið í samband við ferðir póstgufuskipsins Díönu.

Dómsmálastjórnin mælist að endingu til, að sjóliðsstjórnin tilkynni sér það, ef hún getur orðið við ósk þessari, til þess landshöfðingja verði sagt fyrir það, sem með þarf í þessu efni.

21. Auglýsing frá stiptamtanninum yfir Íslandi, um póstmálefni. 22. marz.

1. Auk hinna almennu íslenzku póstfrímerkja, sem getið er um í auglýsingu 3. maí f. á., eru nú kominn út grá frímerki fyrir 3 sk. (fyrir 3 rd. 100), og eru þau viðhöfð eptir sömu reglum sem hin frímerkin.
2. Ferða-áætlun suðuramtpóstans er fyrir yfirstandandi ár breytt þannig :

1873.
22. marz.

Posturinn fer frá Prestabakka	Posturinn má ekki fara frá				
	Mýrum fyr en	Felli fyr en	Skógum fyr en	Velli fyr en	Hraungerði fyr en
I. 12. apríl	12. apríl	13. apríl	14. apríl	15. apríl	16. apríl
II. 20. maí	20. maí	21. maí	22. maí	23. maí	24. maí
III. 1. júlí	1. júlí	2. júlí	3. júlí	4. júlí	5. júlí
IV. 10. ágúst	10. ágúst	11. ágúst	12. ágúst	13. ágúst	14. ágúst
V. 19. septbr.	19. septbr.	20. septbr.	21. septbr.	22. septbr.	23. septbr.
VI. 1. nóvbr.	1. nóvbr.	2. nóvbr.	3. nóvbr.	4. nóvbr.	5. nóvbr.
VII. 16. jan. 1874	17. jan.	18. jan.	18. jan.	19. jan.	20. jan.

Þeir aðrir póstfarardagar, sem ákveðnir eru í auglýsingu stíplamtans af 1. desbr. f. á., eru óbreyttir.

3. Í stað bréfinföngunarstaðarins á Sandelli er annar fyrst um sinn stofnaður á Hofi í Örfæm.

Hinnar Finsu.